

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2026/98****2026/EES/36/19****frá 15. janúar 2026****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/565 að því er varðar nafn
leyfishafa fyrir fóduraukefnum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Blanda með 3-nítróoxýprópanóli var leyfð sem fóduraukefni (hér á eftir nefnt fóduraukefnið sem um er að ræða) með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/565 ⁽²⁾.
- 2) Leyfishafinn fyrir fóduraukefninu sem um er að ræða, DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o., hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á heiti leyfishafans fyrir fóduraukefninu sem um er að ræða í „dsm-firmenich Switzerland Ltd., fulltrúi í ESB er dsm-firmenich Austria GmbH“.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á fóduraukefninu sem um er að ræða. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera dsm-firmenich Switzerland Ltd. kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er því rétt að breyta skilmálum viðkomandi leyfis.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/565 til samræmis við það.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari framkvæmdarreglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir af fóduraukefninu sem um er að ræða.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/565**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/565 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað heitis leyfishafans „DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.“ í titlinum kemur „dsm-firmenich Switzerland Ltd., fulltrúi í ESB er dsm-firmenich Austria GmbH“.
- 2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki töflunnar í viðaukanum kemur „dsm-firmenich Switzerland Ltd., fulltrúi í ESB er dsm-firmenich Austria GmbH“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/98, 16.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/565 frá 7. apríl 2022 um leyfi fyrir blöndu með 3-nítróoxýprópanóli sem fóduraukefni fyrir mjólkurkúr og kýr til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtið. ESB L 109, 8.4.2022, bls. 32, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/565/oj).

2. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Fóðuraukefnið sem um er að ræða, eins og það var framleitt og merkt fyrir gildistöku á þessum reglugerðar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir þann dag, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
